



Ákvörðun nr. 24/2007
um lokun póstafréiðslu Íslandspósts hf. á Eyrarbakka og Stokkseyri
28. nóvember 2007

I
Erindið

Með bréfum, dags. 26. febrúar og 2. mars 2007, óskaði Íslandspóstur hf. eftir því við Póst- og fjarskiptastofnun að fá heimild til að loka póstafréiðslum fyrirtækisins á Eyrarbakka og Stokkseyri.

1.

Um ástæðu lokunar á Eyrarbakka kom fram að sá rekstraraðili sem Íslandspóstur hf. hafði verið í samstarfi við myndi hætta starfsemi þann 1. mars 2007. Fyrirtækið sé því nauðbeygt til að loka afgreiðslunni frá og með sama tíma frá og með 1. mars 2007.

Í stað þess að rekinn sé afgreiðslustaður á staðnum mun fyrirtækið auka þjónustu sína á Eyrarbakka með því að keyra allar sendingar heim til einstaklinga og fyrirtækja frá og með 1. mars. Reynslan sýni að skil á sendingum með heimaakstri séu allt að 80-90%.

Einnig bendir fyrirtækið á að frá Eyrarbakka eru aðeins 13 km yfir til Selfoss. Á Eyrarbakka sé aðeins ein verslun (sjoppa/bensín) og nær allir bæjarbúar geri innkaup sín á Selfossi (8-10 mín akstur). Öll stjórnsýsla sé á Selfossi en Eyrarbakki tilheyri sveitarfélaginu Árborg.

Með vísun í 5. gr. reglna um staðsetningu, fyrirkomulag og öryggismál á afgreiðslustöðum fyrir pósthjónustu upplýsti fyrirtækið jafnframt um eftirfarandi:

“1. Skv. skráð eru 200 heimili og 16 fyrirtæki á Eyrarbakka.

2. Pósthúsið þjónar fyrst og fremst íbúum á Eyrarbakka (engin sveit).

3. Dreifing verður í höndum bréfbera en skráðar sendingar fara með bílstjóra frá Selfossi seinni part dags (kvöldlagi) til að byrja með og mun dreifa til einstaklinga því ætti aðgengi að vera gott.”

4. Samgöngur við svæðið eru greiðar (láglandi). Snjómokstur er 7 sinnum í viku.

5. Meðalfjöldi afgreiðslna á dag eru 15-20 (ekki er afgreiðslukerfi á staðnum), skráðar sendingar eru á milli 12-15 á dag.

6. Í stað afgreiðslu munu íbúar fá aukna þjónustu með heimakstri 5 sinnum í viku. Póstkassi verður í bænum, væntanlega á sama stað og áður.”

2.

Um ástæðu lokunar á Stokkseyri kom fram að sá rekstraraðili sem Íslandspóstur hafi verið í samstarfi við um rekstur póstafréiðslu og dreifingu hafi sagt upp samningnum frá og með 2. maí 2007. Óskar Íslandspóstur því eftir því að loka póstafréiðslunni frá og með sama tíma.

Þá kemur einnig fram að Íslandspóstur hafi markað þá stefnu að fleiri íbúar í þorpum og bæjum eigi að fá sambærilega heimaakstursþjónustu og í stærri bæjarfélögum. Þessi þjónusta hafi mælst vel fyrir. Stokkseyri og Eyrarbakki séu m.a. hluti af þessum áætlunum. Við þessar breytingar minnki þörf fyrir hefðbundnar póstafréiðslur því póstbíllinn leysi þær af hólmi. Áætlað fyrirtækið að frá og með 2. maí 2007, muni fyrirtækið auka þjónustu sína á Stokkseyri með því að keyra allar sendingar heim til einstaklinga og fyrirtækja.

Með vísun í 5. gr. reglna um staðsetningu, fyrirkomulag og öryggismál á afgreiðslustöðum fyrir pósthjónustu upplýsti fyrirtækið jafnframt um eftirfarandi:

“1. Skv. skráð eru 170 heimili og 10 fyrirtæki á Stokkseyri.

2. Pósthúsið þjónar fyrst og fremst íbúum á Stokkseyri (engin sveit)

3. Dreifing verður í höndum bréfbæra en skráðar sendingar fara með bílstjóra frá Selfossi seinni part dags (kvöldlagi) og mun hann dreifa til einstaklinga. Aðgengi ætti því að vera gott.

4. Samgöngur við svæðið eru greiðar (láglandi). Snjómokstur er 7 sinnum í viku.

5. Meðalfjöldi afgreiðslna á dag eru tæpar 13-16, (ekki er afgreiðslukerfi á staðnum), skráðar sendingar eru á milli 10-12 sendingar á dag.

6. Í stað afgreiðslu munu íbúar fá aukna þjónustu með heimaakstri 5 sinnum í viku. Póstkassi verður í bænum, væntanlega á sama stað og áður.”

II

Málsmeðferð

Með bréfi, dags. 6. mars 2007, óskaði Póst- og fjarskiptastofnun eftir umsögn Sveitarfélagsins Árborgar, vegna fyrirhugaðrar lokunnar, sbr. 4. mgr. 5. gr. reglna um afgreiðslustaði nr. 504/2003. Umsögn sveitarfélagsins barst með bréfi, dags. 19. mars 2007. Í umsögn sveitarfélagsins er vísað í bókun bæjarráðs frá 15. mars 2007, sem er svo hljóðandi:

“Bæjarráði þykir miður að Pósturinn skuli draga úr þjónustu í sveitarfélaginu án samráðs við bæjaryfirvöld og bendir á að aðstæða kann að vera til að sinna þessari þjónustu ef áhugi er fyrir hendi.”

Með tölvupósti, dags. 11. maí 2007, til Íslandspósts var fyrirtækinu tilkynnt að stofnuninni þætti rétt að bíða með ákvörðun stofnunarinnar þar til niðurstaða úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, í hliðstæðu máli væri til meðferðar hjá nefndinni, varðandi lokun póstafréiðslu á Stað. Nefndin kvað upp úrskurð þann 6.

nóvember 2007¹. Í úrskurði nefndarinnar var ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar frá 9. febrúar 2007 um lokun póstafréttisla á Stað (póstnúmer 500) staðfest með vísun til forsenda hennar.

III Niðurstaða

Í lögum um pósthjónustu nr. 19/2002, er hugtakið afgreiðslustaður skilgreint með eftirfarandi hætti:

“Afgreiðslustaðir: Aðstaða, þ.m.t. póstkassar fyrir almenning á opinberum stöðum eða í húsnæði rekstrarleyfishafa, þar sem viðskiptavinir geta lagt inn póstsendingar.”

Eins og sjá má á af ofangreindri skilgreiningu er meginhlutverk afgreiðslustaða að vera móttaka fyrir póstsendingar. Annað veigamikið hlutverk afgreiðslustaða er að vera afhendingarstaður þegar viðskiptavinir þurfa t.d. að ná í skráðar sendingar sem þeir hafa fengið tilkynningu um að sé á tilteknum afgreiðslustað.

Í reglum nr. 504/2003, um staðsetningu, fyrirkomulag og öryggismál á afgreiðslustöðum fyrir pósthjónustu, sem Póst- og fjarskiptastofnun gaf út með heimild í 3. mgr. 15. gr. og 24. gr. laga um pósthjónustu nr. 19/2002, er eftirfarandi ákvæði í 5. gr. um fjölda afgreiðslustaða Íslandspósts hf.:

“Miðað skal við að núverandi fjöldi afgreiðslustaða Íslandspósts sé nægjanlegur til að veita þá hjónustu sem Íslandspósti ber að veita samkvæmt lögum.

Ef Íslandspóstur hins vegar hyggst leggja niður afgreiðslustað þá skal beiðni þar að lútandi lögð fyrir Póst- og fjarskiptastofnun til samþykktar. Við mat á beiðni skal eftirfarandi lagt til grundvallar:

- 1. Fjöldi íbúa á því svæði sem afgreiðslustaðnum er ætlað að þjóna.*
- 2. Stærð þess svæðis sem afgreiðslustaðurinn þjónar.*
- 3. Möguleiki íbúa á að sækja hjónustu annað.*
- 4. Samgöngur á svæðinu.*
- 5. Fjöldi afgreiðslna á afgreiðslustaðnum á ári.*
- 6. Annað sem getur haft áhrif á möguleika íbúa á að sækja pósthjónustu sem fellur undir alþjónustu.*

Hyggist Íslandspóstur breyta rekstrarfyrirkomulagi afgreiðslustaðar, svo sem með því að ganga til samninga við þriðja aðila um rekstur afgreiðslna, þá skal beiðni þar að lútandi lögð fyrir Póst- og fjarskiptastofnun til samþykktar. Við mat á beiðni skulu sömu viðmið og í 2. mgr. lögð til grundvallar eftir því sem við á.

Póst- og fjarskiptastofnun getur ákveðið að leita umsagnar sveitarstjórna um þau atriði sem talin eru upp í 2. mgr., á þeim stöðum þar sem fyrirhugað er að leggja niður afgreiðslna eða breyta rekstrarfyrirkomulagi.

Íslandspósti ber að tilkynna lokun á afgreiðslustað til Póst- og fjarskiptastofnunar með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara. Breytingar á rekstrarfyrirkomulagi skal tilkynna með eins mánaðar fyrirvara.

Eins og fram kemur í 1. mgr. 5. gr. reglnanna ganga reglurnar út frá þeirri grunnforsendu að núverandi fjöldi afgreiðslustaða sé nægjanlegur til að veita þá hjónustu sem Íslandspósti hf. ber að veita lögum samkvæmt. Ef Íslandspóstur hf. hyggst hins vegar leggja niður afgreiðslustað þá skal leggja slíka beiðni fyrir Póst- og fjarskiptastofnun til samþykktar, sbr. 2. mgr. Tiltekið er í 6. tölulíðum hvað Póst- og fjarskiptastofnun ber að leggja til grundvallar við mat á beiðni Íslandspósts hf. um lokun afgreiðslustaðar. Tölulíðir 2, 3, 4 og 6 ganga út frá þeirri forsendu að skoða þurfi með tilliti til staðhátta

¹ Mál nr. 3/2007.

hvort íbúarnir geti sótt þjónustu til einhvers annars afgreiðslustaðar sem Íslandspóstur rekur. Töluliðir 1 og 5 fjalla um umfang þess reksturs sem fram fer á afgreiðslustaðnum.

Í þeim tilvikum sem hér um ræðir ákvað Íslandspóstur að í stað hefðbundins afgreiðslustaðar ræki fyrirtækið heimaakstursþjónustu og keyrði sendingar heim til einstaklinga og fyrirtækja. Að mati Póst- og fjarskiptastofnunar þá eru þessar breytingar á þjónustuháttum til þess fallnar að ekki sé eins mikil þörf og áður að reka hefðbundna póstafrgiðslu á Eyrarbakka og Stokkseyri. Tölur um fjölda afgreiðslna á Eyrarbakka og Stokkseyri benda einnig til þess að notkun afgreiðslustaðanna hafi ekki verið það mikil að það geti réttlæt nauðsyn þess að þeir væru reknir áfram í óbreyttri mynd. Þá er einnig tiltölulega stutt á Selfoss frá þessum stöðum en íbúar sækja almennt alla þjónustu á Selfoss.

Að öllu framangreindu virtu þá er það niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar að lokun afgreiðslustaða á Eyrarbakka sem átti sér stað 2. mars s.l. og lokun afgreiðslustaðar á Stokkseyri sem átti sér stað 2. maí s.l. hafi verið réttmæt og ekki séu rök til þess að Íslandspóstur reki afgreiðslustað á þessum stöðum.

Ákvörðunarorð

Póst- og fjarskiptastofnun samþykkir beiðni Íslandspósts hf., frá 26. febrúar og 2. mars 2007, um lokun afgreiðslustaða á Eyrarbakka og Stokkseyri sem áttu sér stað þann 1. mars og 2. maí 2007.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.

Reykjavík, 28. nóvember 2007

Virðingarfyllst,

Hrafnkell V. Gíslason

Friðrik Pétursson